

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir „eitt ár“ í 2. málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: fimm ár.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ráðherra setur, eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, reglur um þau veiðitæki, sem nota má við slíka veiði.

3. gr.

Aftan við 3. málsgr. 16. gr. laganna bætist orðin: og stöng.

4. gr.

Á eftir 31. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

1. Við stangarveiði má aðeins nota agn, lifandi eða dauft, sem fiskurinn eltir og tekur, en aldrei má við slíka veiði nota krók né neitt annað, er festir í fiskinum, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Nú á maður, sem stangarveiði stundar, eigi rétt til veiði nema öðrum megin í á, og er honum þá aðeins heimilt að standa að veiðinni þeim megin árinna, en rétt er honum þó að bjarga fiski að hinu landinu, ef hentara er.

3. Ráðherra getur, með samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sett reglur um stangarveiði, og má þar ákveða, hversu margar stengur hafa megi í senn í veiðivatni, og veiðitíma þeirra á sólarhring hverjum, enda teljist slík takmörkun nauðsynleg til verndar fiskistofni vatnsins.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni slíku, er ræðir um í 3. málsgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast úrskurðar með matsgerð samkv. 83. gr. laga þessara.

5. gr.

Aftan við 1. málsgr. 68. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi (og breytist málsgreinatala samkv. því):

2. Nú tekur veiðifélag aðeins til laxveiði, og getur ráðherra þá, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, sett ákvæði um veiðiaðferðir og gerð þeirra veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu.

6. gr.

70. gr. laganna orðist svo:

1. Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

2. Nú vill veiðifélag stunda fiskrækt, og er það heimilt, en ekki nýtur félagið réttinda þeirra, er ræðir um í 79.—82. gr. laga þessara, nema ráðherra samþykki, að fengnum tillögum veiðimálanefndar.

7. gr.

a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll, eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

8. gr.

90. gr. laganna orðist þannig:

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmatum tilgangi.

9. gr.

95. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 79 23. júní 1936, laga nr. 28 13. jan. 1938, laga nr. 50 11. júní s. á., laga nr. 23 12. júní 1939 og laga nr. 62 7. maí 1940 inn í lög nr. 61 23. júní 1932. um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

60

27. júní

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama